
Jafnvægistákn

– um sýningu Erlu Þórarinsdóttur á Kjarvalsstöðum



Á sunnudag lýkur sýningu Erlu Þórarinsdóttur í austursal Kjarvalsstaða. Erla hefur haldið nokkrar einkasýningar en farið heldur hljóðlega um og sýnt á hljóðlátum stöðum, eins og t.d. í Gallerí Ganginum fyrr á þessu ári og á Ísafirði síðastliðið sumar. Einnig hefur Erla verið iðin við samsýningakolann og hefur iðulega tekið þátt í 4 eða 5 samsýningum árlega. Það hefur gengið á ýmsu í málverki Erlu. Hún hefur ýmist sýnt graffititilbrigði í stíl við New Yorkbúann Keith Haring eða kúbískexpressjónískar tilhneigingar eins og gefur nú að líta á Kjarvalsstöðum í myndum á borð við „Ferðalanga" (nr. 16) og „Hraundranga" (nr. 12). Þessar myndir eru þó ekki dæmigerðar fyrir sýningu Erlu. Þar ber mun meira á strangflatarmáli og tilraunum með lit og áferð. Myndirnar eru einnig margar hverjar symmetrískar svo þær minna jafnvel á helgitákn. Myndin „Klettur" (nr. 5) sýnir þannig einhvers konar tröppur sem ganga inn að miðju frá báðum hliðum. Þarna tekst Erlu e.t.v. hvað best að túlka þá jafnvægisleit sem virðist vera megininntak verka hennar um þessar mundir.

Áferðargaldur

Það er íhygli í þessum myndum, kannski ekki með öllu innhverf en dulúðug í það minnsta. Litaval Erlu er harla sérkennilegt.

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

Mikið ber á dökkum tónum og rauðbláum. Litunum gefur hún svo aukið líf með því að blanda út í þá sandi, sagi, pappír, gleri og öðru tiltæku. Síðan málar hún þykkt tvö ólík olíulög og lætur hið fyrra skína í gegn. Þannig nær Erla fram stórskemmtilegri áferð sem nýtur sín þó ekki til fulls nema í nokkurra sentímetra fjarlægð frá verkinu. Mynd nr. 8, „Þórsmörk", er gott dæmi um slíkt samspil áferðar og lita. Flest stærri verkin eru að auki strangflatarsinnuð. Á fjórum stöðum bregður og fyrir svokölluðum „Seglum" sem eru málaðir viðarkubbar er skaga út frá veggnum við hlið annarra verka.

Miðleit mynstur

Raunar fékkk undirritaður á tilfinninguna að „Segl" nr. 19 og mynd nr. 20, „Geimsteinn", væru eitt og sama verkið – samanber þá ríku tilhneigingu sem nýir geómetríusinnar hafa til að stilla mörgum myndum upp saman til þess að mynda eitt verk. Erla Þórarinsdóttir lætur slíkar tískutiktúrur þó greinilega ekki hlaupa með sig í gönur, enda liggur margt annað að baki verka hennar en strangur flötur. Vafalaust á Erla eftir að vinna meira út frá miðleitnum mynstrum og trúartáknum, ef marka má þessa sýningu. Það er erfitt að lesa landslag út úr verkum Erlu, jafnvel þótt sýningin eigi að heita tileinkuð landinu – og nöfn eins og „Á Gæsavatnsleið" og „Eftir Öskju" ýti undir grunsemdir um naumhugult landslag. Tilhneigingin virðist samt sem áður vera sú hjá listakonunni að leita hins innra jafnvægis og það verður fróðlegt að sjá hvaða mynstur og litróf sú leit mun leiða af sér. Myndin „Ferðalangar" ber það sannarlega með sér að Erlu Þórarinsdóttur lætur ekki síður vel að þræða krókaleiðir en að einfalda hlutina.

–ÓE

Nauðungaruppboð

á eftirtöldum fasteignum fer fram í dómsal embættisins, Skógarhlíð 6, 3. hæð, á neðangreindum tíma:

Arinbjörn RE-54, þingl. eig. Sæfinnur hf., miðvikud. 4. október '89 kl. 13.45. Uppboðsbeiðendur eru Tryggingastofnun ríkisins, Gjaldheimtan í Reykjavík, Ingólfur Friðjónsson hdl. og Tryggvi Guðmundsson hdl.

Laugavegur 21, hluti, þingl. eig. Tjaldur hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 10.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Laugavegur 45A, hluti, þingl. eig. Ós hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 10.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Laugavegur 65, hluti, þingl. eig. Pétur Eyfelds, þriðjud. 3. október '89 kl. 11.00. Uppboðsbeiðandi er Guðjón Ármann Jónsson hdl.

Laugavegur 67, þingl. eig. Oddur Pétursson og Ásta Ólafsdóttir, þriðjud. 3. október '89 kl. 11.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Laugavegur 105, hluti, þingl. eig. Laugavegur 105 hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 11.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Lokastígur 22, þingl. eig. Mandarín hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 11.15. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Lyngháls 9, hluti, þingl. eig. Blaðaprent hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 11.15. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Eggert B. Ólafsson hdl.

Lækjarhvoll við Blesugróf, þingl. eig. Magnús Kristinsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 11.15. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Meðalholt 4, hluti, þingl. eig. Kristján Karlsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 11.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Melbær 30, efri hæð, þingl. eig. Pétur Filippusson, þriðjud. 3. október '89 kl. 11.30. Uppboðsbeiðendur eru Landsbanki Íslands og Jón Ingólfsson hdl.

Melhagi 4, þingl. eig. Torfi Ólafsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 11.30. Uppboðsbeiðandi er Tryggingastofnun ríkisins.

Miklabraut 18, efri hæð og ris, þingl. eig. Brynjólfur Ingólfsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 11.45. Uppboðsbeiðendur eru Tryggingastofnun ríkisins, Björn Ólafur Hallgrímsson hrl. og Landsbanki Íslands.

Nethylur 2, hluti, talinn eig. B.B. byggingarvörur hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 11.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Óskar Halldórsson RE-157, þingl. eig. Ólafur Óskarsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 13.45. Uppboðsbeiðandi er Tryggingastofnun ríkisins.

Rekagrandi 8, íb. 02-03, þingl. eig. Kristján H. Gunnarsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 13.30. Uppboðsbeiðandi er tollstjórinn í Reykjavík.

Reykás 47, íb. 01-01, þingl. eig. Alfred Bjarni Jörgensen, þriðjud. 3. október '89 kl. 13.30. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Veðdeild Landsbanka Íslands og Eggert B. Ólafsson hdl.

Safamýri 13, efri hæð, þingl. eig. Hrannar G. Haraldsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 13.45. Uppboðsbeiðendur eru Verslunarbanki Íslands hf. og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Seilugrandi 6, hluti, þingl. eig. Helga Þóra Jakobsdóttir, þriðjud. 3. október '89 kl. 13.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Síðumúli 29, hluti, þingl. eig. Rafþór hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 14.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Síðumúli 31, kjallari, þingl. eig. Einar J. Skúlason hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 14.15. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Skógarás 7–11, bílskýli, þingl. eig. Magnús Kristinsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 14.15. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Skógarás 13, íb. 01–01, þingl. eig. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 14.30. Uppboðsbeiðandi er Kristján Ólafsson hdl.

Skólastræti 5A, hluti, þingl. eig. Guðrún Snæfríður Gísladóttir, þriðjud. 3. október '89 kl. 14.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Skólastræti 5, þingl. eig. Oddur G. Péturss. og Ásta Ólafsdóttir, þriðjud. 3. október '89 kl. 14.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Skólavörðustígur 6B, 1. hæð suður, þingl. eig. Guðmundur Franklin hf., þriðjud. 3. október '89 kl. 14.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Skólavörðustígur 12, þingl. eig. Jósefína Lárusdóttir, þriðjud. 3. október '89 kl. 14.45. Uppboðsbeiðendur eru tollstjórinn í Reykjavík og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Skólavörðustígur 45, hluti, þingl. eig. Auður Sveinsdóttir, þriðjud. 3. október '89 kl. 15.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Sólvallagata 48, íb. 01-01, þingl. eig. Magnús Th.S. Blöndahl hf., miðvikud. 4. október '89 kl. 10.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Stangarhylur 5, hluti, þingl. eig. Mótás sf., miðvikud. 4. október '89 kl. 10.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Starhagi 12, hluti, þingl. eig. Magnús Ingimundarson, miðvikud. 4. október '89 kl. 10.45. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Útvegsbanki Íslands hf.

Strandasel 9, íb. 01-03, þingl. eig. Sólveig Jónsdóttir, miðvikud. 4. október '89 kl. 11.00. Uppboðsbeiðandi er Landsbanki Íslands.

Vesturberg 23, þingl. eig. Sigurjón Nilsen, miðvikud. 4. október '89 kl. 11.30. Uppboðsbeiðandi er Ævar Guðmundsson hdl.

Vesturberg 61, þingl. eig. Karl Jóhann Samúelsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 11.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Vindás 1-5, bílageymsla, þingl. eig. Byggingasamvinnufélag ungs fólks, miðvikud. 4. október '89 kl. 11.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Þingholtsstræti 2–4, þingl. eig. Ávöxtun sf., miðvikud. 4. október '89 kl. 11.45. Uppboðsbeiðendur eru Fjárheimtan hf., Steingrímur Eiríksson hdl. og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Þórsgata 14, efri hæð og ris, þingl. eig. Skúli Jóhannsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 13.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Æsufell 4, 1. hæð F, þingl. eig. Snæbjörn Kristjánsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 13.30. Uppboðsbeiðandi er Búnaðarbanki Íslands.

Öldugata 29, hluti, þingl. eig. Hjörtur Aðalsteinsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 13.45. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Ásgeir Thoroddsen hdl.

BORGARFÓGETAEMBÆTTIÐ Í REYKJAVÍK

Nauðungaruppboð

annað og síðara á eftirtöldum fasteignum fer fram í dómsal embættisins, Skógarhlíð 6, 3. hæð, á neðangreindum tíma:

Ásgarður 113, þingl. eig. Örlygur Bjarnason og Sigurbjörg Alfonsd., miðvikud. 4. október '89 kl. 14.45. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Frostaskjól 47, þingl. eig. Garðar Guðmundsson, þriðjud. 3. október '89 kl. 10.30. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Veðdeild Landsbanka Íslands.

Grettisgata 61, hl., þingl. eig. Ólafur Lárus Baldursson, miðvikud. 4. október '89 kl. 14.15. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Jörfabakki 18, 2. hæð t.h., þingl. eig. Jón I. Haraldsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 14.00. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Veðdeild Landsbanka Íslands, Lögfræðiþjónustan hf. og Guðjón Ármann Jónsson hdl.

Logafold 28, þingl. eig. Guðmundur Már Ástþórsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 14.45. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Möðrufell 3, 4. hæð t.v., þingl. eig. Sigurður Vilhjálmsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 15.00. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Veðdeild Landsbanka Íslands.

Neðstaleiti 2, hluti, tald. eig. Gísli Sveinsson og Svala Þórðardóttir, miðvikud. 4. október '89 kl. 15.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Njálsgata 49, 3. hæð austurendi, þingl. eig. Gunnar Másson, miðvikud. 4. október '89 kl. 15.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Ránargata 12, hluti, þingl. eig. Sigurjón Jónsson, miðvikud. 4. október '89 kl. 14.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

BORGARFÓGETAEMBÆTTIÐ Í REYKJAVÍK

Nauðungaruppboð

þriðja og síðasta á eftirtöldum fasteignum:

Gaukshólar 2, íb. 01-04, þingl. eig. Guðmundur Bjarni Traustason, fer fram á eigninni sjálfri þriðjud. 3. október '89 kl. 16.00. Uppboðsbeiðandi er Kristinn Hallgrímsson hdl.

Guðrúnargata 1, kjallari, þingl. eig. Erlendur Helgason, fer fram á eigninni sjálfri þriðjud. 3. október '89 kl. 17.00. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík og Jón Ingólfsson hdl.

Hólmasel 4–6, hl. merktur C, talinn eig. Sigurjón Jakobsson, fer fram á eigninni sjálfri miðvikud. 4. október '89 kl. 18.00. Uppboðsbeiðendur eru Guðjón Ármann Jónsson hdl. og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Kambsvegur 6, þingl. eig. Hörður Albertsson, fer fram á eigninni sjálfri þriðjud. 3. október '89 kl. 18.00. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Veðdeild Landsbanka Íslands og bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

Laugavegur 33B, hluti, þingl. eig. Victor hf., fer fram á eigninni sjálfri miðvikud. 4. október '89 kl. 18.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Melbær 23, þingl. eig. Sigurður Sigurðsson, fer fram á eigninni sjálfri þriðjud. 3. október '89 kl. 17.30. Uppboðsbeiðendur eru Eggert B. Ólafsson hdl. og Gjaldheimtan í Reykjavík.

Orrahólar 7, 4. hæð G, þingl. eig. Friðgeir Björgvinsson, fer fram á eigninni sjálfri þriðjud. 3. október '89 kl. 18.30. Uppboðsbeiðendur eru Hróbjartur Jónatansson hdl. og Verslunarbanki Íslands hf.

Smyrilshólar 4, hluti, þingl. eig. Jóhann Hreiðarsson, fer fram á eigninni sjálfri miðvikud. 4. október '89 kl. 15.30. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Sogavegur 119, þingl. eig. Ragnhildur Einarsdóttir, fer fram á eigninni sjálfri miðvikud. 4. október '89 kl. 16.00. Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík.

Stíflusel 9, hluti, þingl. eig. María Guðrún Finnsdóttir, fer fram á eigninni sjálfri miðvikud. 4. október '89 kl. 16.30. Uppboðsbeiðendur eru Veðdeild Landsbanka Íslands og Andri Árnason hdl.

Vatnsveituvegur, Reiðhöll, þingl. eig. Reiðhöllin hf., fer fram á eigninni sjálfri miðvikud. 4. október '89 kl. 17.00. Uppboðsbeiðendur eru Gjaldheimtan í Reykjavík, Fjárheimtan hf. og Reynir Karlsson hdl.

BORGARFÓGETAEMBÆTTIÐ Í REYKJAVÍK